

25. fundur Skólaráðs haldinn 9. apríl 2018 kl.16:00

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Hulda Karlsdóttir og Rósa Hlín Óskarsdóttir fyrir hönd foreldra, Birta Huld Halldórsdóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir fyrir hönd kennara, Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks er veik. Lena Ósk Guðlaugsdóttir, Hekla Steinarsdóttir og Margrét Klara Þórisdóttir fulltrúar nemenda. Berglind Kristinsdóttir fyrir hönd grenndarsamfélagsins boðaði forföll. Særún Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Málefni nemenda; sameiginleg árshátíð tókst vel og var góð mæting hjá nemendum að sögn þeirra Heklu, Margrétar og Lenu. Sigurgeir hafði það eftir áreiðanlegum heimildum að nemendur skólans hefðu verið til fyrirmyndar. Sigurgeir ræddi um vorhátíð skólans sem er framundan en það er ein helsta fjáröflun 10.bekkar fyrir ferðalagið þeirra í vor. 10.bekkur stefnir á að fara norður í land og vera 3 nætur. Nemendur sammála því að Bæjarhellan hafi tekist vel. Skólinn vann Suðurlandsriðillinn í Skólahreysti og tekur þátt í úrstlitum 2.maí. Sigurgeir sagði að stefnt væri að því að fara með 7.-10.bekk til að hvetja liðið okkar og þær Hekla, Margrét og Lena styðja það. Nemendur ætla að hittast í félagsmiðstöðinni Hellinum og horfa á undankeppni Skólahreystis frá því í mars. Skóladagatal 2018-2019 lagt fyrir, hefur verið kynnt kennurum. Skóladagatalinu þarf að skila til fræðslunefndar Odda bs. upp úr miðjum maí. Umræða um hvort Bæjarhellan gæti verið í 4 daga, Lena benti á að þá væri hugsanlega ekki eins mikið stress að hafa allt tilbúið. Særún benti á oft gefst lítil tími til að ræða sjálfbærni verkefnisins og fjármál hátíðarinnar. Mikilvægt að samræma fjölda skóladaga milli skólanna þ.e. Grunnskólans Hellu og Laugalandi, einnig spurning hvort hægt er að skipuleggja skóladagatölin í samráði að einhverju leiti. Umræða um tímasetningu á skólasetningu og skólaslitum, það eru skiptar skoðanir um þetta í foreldrahópnum.
2. Skólareglur – endanleg afgreiðsla. Mikilvægt að nemendur og foreldrar skrifi undir skólareglur að hausti eða þær séu a.m.k. kynntar rækilega. Rósa Hlín spurði hvort möguleiki væri að breyta forminu á námsefniskynningum að hausti til að bæta mætingu foreldra. Hugsanlega hægt að virkja bekkjartenglana.
3. Læsisstefna – kynning á drögum.
4. Önnur mál.  
Særún og Inga sögðu frá tveim grænfánaverkefnum sem skólann langar til að fá samfélagið til að taka þátt í með skólanum. Annars vegar er um að ræða lýðheilsuverkefnið sole hope og ruslatínsluverkefnið sem er m.a. fjáröflun fyrir ferð 7.bekkar á Úlfjótuvatn. Ekki hefur enn verið ákveðið hvenær fornleifaverkefni Fornleifastofnunnar verður líklega þegar frost er farið úr jörðu. Sigurgeir sagði frá því að þetta yrði væntanlega rétt fyrir skólalok og það yrðu nemendur í 8.bekk sem tækju þátt.

Næsti fundur skólaráðs mánudaginn 7.maí kl.16:00

Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð.